## ÓVERULEG BREYTING Á AÐALSKIPULAGI



Hluti af sveitarfélagsuppdrætti Aðalskipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030

### Almennt

Unnið er að breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar þar sem heimilað er tjaldsvæði á frístundasvæði. Um er að ræða óverulega breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030, skv. 2. mgr. 36. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 var samþykkt í bæjarstjórn þann 3. apríl 2014 og staðfest af Skipulagsstofnun þann 18. september 2014.

### Tengsl við aðrar áætlanir

Fyrir liggur deiliskipulag. Unnið verður nýtt deiliskipulag fyrir svæðið.

### Staðhættir og aðkoma

Svæðið sem um ræðir er um 11 ha. Aðkoma er af þjóðvegi nr. 1 og liggur inn á svæðið. Í gildi er deiliskipulag frá því í október 1994.

Svæðið er algróið en stakir klettar eru á svæðinu og klettaholt sem liggur í gengum svæðið frá norðaustri til suðvesturs. Ofan klettaholtsins er landið fremur þurrt en að neðan verðu er landið blautara. Landið hallar lítillega til suðurs og suðvestur að Myllulæk.

### Gildandi skipulag

Gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir 11 ha svæði fyrir allt að 12 frístundalóðum eins og sést á töflu á blaðsíðu 52.

**21.2 Frístundabyggð í Nesjum**

| F-nr. | Starfsemi / staðsetning | Fjöldi lóða |
|---|---|---|
| F 9 | Stórulág – Myllulækur ~ 11 ha. | 12 lóðir |
| | | |

### Breyting í greinargerð

Gerð er breyting í greinargerð. Heimilt verður að vera með tjaldsvæði og þjónustubyggingu því tengdu á allt að þriðjungi svæðis.

Tafla 21.2 á blaðsíðu 52, breytist í samræmi við ofangreint.

**21.2 Frístundabyggð í Nesjum**

| F-nr. | Starfsemi / staðsetning | Fjöldi lóða |
|---|---|---|
| F 9 | Stórulág – Myllulækur ~ 11 ha.<br>Heimilað er tjaldsvæði á allt að þriðjungi lóðar og þjónustuhús á einni lóðinni. | 12 lóðir |
| | | |

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn þann ___________________________

_________________________________________________

Bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann _________________________

_______________________________ _______________________________

Samþykkt aðalskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda

þann __________________________________

HORNAFJÖRÐUR

**Aðalskipulagsbreyting**
**Stórulág**

| Tillaga | | | V01 |
|---|---|---|---|
| Skipulagsteikning.dgn | Mælikvarði | Blaðstærð A4 | Teikning nr. 001 |
| Unnið fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð | | Dags. 23.10.2017 | Teiknað af þrs |

STEINSHOLT

EFLA VERKFRÆÐISTOFA